

1. Stofnun innlánsreikninga

- 1.1. Viðskiptamaður getur óskað eftir stofnun innlánsreiknings við stofnun viðskipta við Sparisjóðinn eða hvenær sem er eftir stofnun viðskipta. Eftir stofnun viðskipta getur viðskiptamaður ýmist óskað eftir stofnun innlánsreiknings á heimasíðu sparisjóðsins, www.spar.is, í Heimabanka Sparisjóðsins, með því að hringja í Sparisjóðinn eða með því að senda tölvupóst. Upplýsingar um símanúmer og netföng sparisjóðanna er að finna á www.spar.is.
- 1.2. Starfsfólki Sparisjóðsins er heimilt að synja umsókn um innlánsreikning án sérstaks rökstuðnings eða frekari skýringa.

2. Binditími og ávöxtun

- 2.1. Innstæða á óbundnum reikningum er alltaf laus til útborgunar.
- 2.2. Sparisjóðurinn býður bæði upp á óverðtryggða og verðtryggða innlánsreikninga. Um verðtryggingu innlána gilda m.a. lög nr. 38/2001 með síðari breytingum, um vexti og verðtryggingu.
- 2.3. Innstæða óverðtryggðra bundinna reikninga er laus til útborgunar í tvær vikur að binditíma loknum en binst svo aftur í samræmi við tegund reiknings.
- 2.4. Innlánsvextir eru samkvæmt gildandi vaxtatöflu Sparisjóðsins hverju sinni og eru því breytilegir. Vextir eru ýmist lagðir við höfuðstól mánaðarlega eða í lok hvers árs, fer eftir tegund reiknings, eða við eyðileggingu reikningsins.

3. Úttektir

- 3.1. Ekki er hægt að taka út af bundnum reikningi fyrr en að binditíma loknum.
- 3.2. Skilyrði fyrir úttekt af reikningi er að viðkomandi sé reikningseigandi eða prókúruhafi/umboðshafi og sýni fullgild persónuskilríki við úttektir í banka.

4. Upplýsingar í síma og símamillifærslur

- 4.1. Eingöngu reikningseigandi og prókúruhafi/umboðshafi geta millifært af reikningum eða fengið upplýsingar um stöðu reikninga. Gefa þarf upp nafn, kennitölu og leyninúmer. Hámarksfjárhæð millifærslna í Heimabanka hvern dag er 1 milljón króna. Viðskiptamenn geta óskað eftir hækkun hámarksfjárhæðar með því að hafa samband við þjónustufulltrúa í síma eða á afgreiðslustöðum Sparisjóðsins.

5. Reglulegur sparnaður

- 5.1. Sparisjóðurinn áskilur sér rétt til að fella niður reglulegan sparnað ef grunur vaknar um misnotkun eða vegna brota á þessum eða öðrum viðskiptaskilmálum Sparisjóðsins.

6. Gildissvið

6.1. Skilmálar þessir gilda um öll innlán hjá Sparisjóðnum nema um annað sé sérstaklega samið.

Að öðru leyti gilda um innlánsreikninga almennir viðskiptaskilmálar Sparisjóðsins og eftir atvikum aðrir sérskilmálar, auk reglna fjármunaréttarins um vörslu sparifjár.